



Fundargerð

188. fundur Skipulagsnefndar haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 17. október 2023, kl. 14:00.

Fundinn sátu:

Jón Hrafn Karlsson, Rúnar Þorri Guðnason, Jóhannes Gissurarson, Guðbrandur Magnússon, Elín Heiða Valsdóttir, Óskar Örn Gunnarsson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, .

Almenn mál

1. 2310001 - Hringvegur um Síðu, Fossálar-Breiðabalakvísl austan Kirkjubæjarklausturs-beiðni um umsögn

Tekið fyrir erindi Skipulagsstofnunar dagsett 25. ágúst þar sem óskað er eftir umsögn Skaftárhrepps um matsáætlun Vegagerðarinnar varðandi Hringveg um Síðu í Skaftárhreppi. Til stendur að endur- og/eða nýbyggja Hringveg, milli Fossála og Breiðbalakvíslar. Nýr Hringvegur mun liggja í nýju vegstæði, að hluta til eða að öllu leyti háð vali á veglínu þar sem hann verður færður niður fyrir tún og beitolönd. Tveir valkostir eru lagðir fram:

- Veglína A sem er 13,1 km löng og felur í sér nýbyggingu á 7,5 km kafla og endurbyggingu núverandi vegar á um 5,6 km.
- Veglína C sem er 12,8 km löng og felur í sér nýbyggingu vegarins að nær öllu leyti.

Skipulagsnefnd hefur farið yfir gögn framkvæmdaraðila og telur að framlögð gögn fullnægi kröfum sem settar eru fram í 11 gr. í reglugerð 1381/2021 og gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlunina. Skipulagsnefnd leggur til að endanleg veglína verði unnin í samráði við landeigendur og sveitarfélagið.

2. 2310002 - Skipting lóðar í Hrífunesi

Lögð fram tillaga að skiptingu lóðar í landi Hrífuness 1A og Hrífuness 2A. Meðfylgjandi eru uppdrættir er sýna landskiptin dagsett 22.5.2023. Á uppdrætti eru landskiptin sýnd en eftir breytingu verður Hrífunes 2A 41.661 m² en Hrífunes 1A 13.628 m².

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að breyting lóðanna verði samþykkt. Byggingarfulltrúa falið að vinna málið áfram.



3. 2310003 - Seglbúðir byggingarleyfisumsókn

Tekið fyrir erindi Ólafs Ófeigssonar og Ragnildar Björnsdóttur dagsett 19. september 2023. Í erindinu er sótt um stækkun á sumarbústað í landi Seglbúða með landnúmerið 163635. Um er að ræða 81 m² viðbót en eftir stækkun verður bústaðurinn 146,6 m² að stærð. Fyrir liggur samþykki lóðarhafa að Seglbúðum A (L231277), Seglbúðum 2 (L179199), Seglbúðum (L163633) og Seglbúðum 3 (L163634).

Skipulagsnefnd samþykkir að fyrirhuguð byggingaráform verði grenndarkynnt í samræmi við 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga en heimilt verði að stytta tímabil grenndarkynningar þar sem fyrir liggur samþykki nærliggjandi lóðarhafa.

4. 2310004 - Ytri Dalbær stofnun lóðar

Tekið fyrir erindir Björgvins Karls Harðarsonar dagsett 29. september 2023. Í erindinu er óskað að stofnuð verði lóð úr landi Ytri Dalbæjar (L163464) sem fái heitið Dalbæjarstapi. Meðfylgjandi erindinu er hnitsettur uppdráttur er sýnir nýja lóð sem er 25.793 m² að stærð.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að stofnun lóðar verði samþykkt. Byggingarfulltrúa falið að vinna málið áfram.

5. 1904001 - Endurskoðun Aðalskipulags

Tekið fyrir minnisblað Landmótunar dagsett 25. september 2023 þar sem sett er fram drög að tímalínu til þess að ljúka vinnu við endurskoðun Aðalskipulags Skaftárhrepps. Margrét Ólafsdóttir frá Landmótun situr fundinn undir þessu máli.

Skipulagsnefnd leggur til að vinna við endurskoðun aðalskipulags verði eftir verklagi samkvæmt minnisblöðum Landmótunar dagsettum 25. september 2023 og 17. október 2023.

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 15:18.

Jón Hrafn Karlsson

Rúnar Þorri Guðnason

Jóhannes Gissurarson

Guðbrandur Magnússon

Elín Heiða Valsdóttir